



**Gjaldskrá**  
**fyrir vatnsveitu Fjarðabyggðar**  
**Gildir frá 1.1.2025**

**1.gr. Gildissvið**

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Fjarðabyggðar, sem liggja við vegi eða opin svæði þar sem vatnsæðar liggja í eigu sveitarfélagsins skal greiða vatnsgjald árlega.

**2.gr. Vatnsgjald**

Vatnsgjald samanstendur af fastagjaldi fyrir hverja matseiningu og gjaldi sem miðast við flatarmálsstærð eignar (fermetragjald) samkvæmt fasteignamati. Vatnsgjald fer aldrei yfir 0,33% af fasteignamati þeirra matshluta sem tengdar eru hverri vatnsveitulögn (vatnsinntaki). Liggja ekki fyrir upplýsingar um flatarmál fasteignar í fasteignaskrá skal gjaldið taka mið af fasteignamati, þ.e. vera 0,27% af fasteignamati matshlutar. Bílskúrar og sambærilegt húsnæði sem stendur við íbúðarhús (á sömu lóð) er undanþegið fastagjaldi.

**3.gr. Fjárhæð vatnsgjalds**

Af öllum fasteignum, sem eru gjaldskyldar skal greiða árlegt fastagjald á matseiningu að fjárhæð 4.985 kr. og 408 kr. á fermetra samkvæmt fasteignamati. Árlegt vatnsgjald af sumarhúsum /frístundahúsum skal þó að lágmarki vera 27.456 kr.

Greitt er fastagjald á íbúðarhúsnæði í dreifbýli, fyrir útihús er ekki greitt fastagjald á matseiningu en greitt hálf fermetragjald.

**3.gr. Notkunargjald**

Auk vatnsgjalds skulu fyrirtæki og aðrir, er nota kalt vatn til annars en heimilisþarfa, greiða notkunargjald. Fyrirtæki greiða notkunargjald auk vatnsgjalds, skv. lögum ( 7 gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 ). Notkunargjald skal að jafnaði innheimta samkvæmt mæli sem Vatnsveita Fjarðabyggðar leggur til og er gjald fyrir mæli innifalið í fastagjaldi fyrir matseiningu. Auk þessa er ákvæði í reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 421/1992 sem heimilar innheimtu samkvæmt áætlun ef ekki er hægt að koma fyrir mælingu. Notkunargjald hjá Vatnsveitu Fjarðabyggðar er 52,51kr/m<sup>3</sup>. Sala á köldu vatni er undanþegin virðisaukaskatti.

**4.gr. Fastagjald**

Fyrirtæki í Fjarðabyggð borga fastagjald vegna mælinga á notkunargjaldi og er mælagjald háð stærð viðkomandi mælis sem hér segir.

Stærð	kr.dag	kr ári
DN25	51,5 kr	18.809 kr
DN30	61,5 kr	22.433 kr
DN40	70,2 kr	25.632 kr
DN50	90,5 kr	33.033 kr
DN65	135,3 kr	49.375 kr
DN80	236,4 kr	86.301 kr



DN100	278,5 kr	101.641 kr
DN150	289,3 kr	105.611 kr
DN200	302,2 kr	110.313 kr

### 5.gr. Stofngjald

Stofngjald vatnsveitu skal innheimt af öllum fasteignum sem tengdar eru vatnsveitu Fjarðabyggðar. Til að heimæð vatnsveitu fáist skal vera búið að tengja fasteign við fráveitu. Gjaldið skal innheimt við veitingu byggingarleyfis eða afhendingu heimæðar. Sama gjald skal greiða við endurnýjun heimæða sem ekki eru í eigu vatnsveitunnar. Gjöld fyrir heimæðar miðast við að ídráttarrör fyrir heimalagnir hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá tengistað vatnsveitunnar við lóðamörk, að inntaksstað mannvirkis og lega og frágangur hafi verið tekin út og samþykkt af starfsmönnum vatnsveitu.

Stærð	Verð
32mm	335.911 kr
40mm	458.815 kr
50mm	612.712 kr
63mm	1.011.246 kr
75mm	1.375.202 kr
90mm	1.430.969 kr

Stærri heimæðar en 90mm eru gjaldfærðar í samræmi við raunkostnað þó aldrei lægri en kostnaður vegna 90mm heimæðar.

### 6.gr. Einingarverð og gildistaka

Gjaldskrá þessi er sett fram með heimild í 10.gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og öðlast gildi 1. janúar 2025.

Fjarðabyggð 15. mars 2024

  
Jóna Arný Þórðardóttir  
bæjarstjóri

Samþykkt í skipulags- og framkvæmdanefnd 8. október 2024  
Samþykkt í bæjarráði 28. október 2024  
Staðfest í bæjarstjórn 7. nóvember 2024